

2. Fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn 13.mars 2019 kl.14:00.

Hreppsnefndarfundur sem halda átti á skrifstofu hreppsins í dag er vegna ófærðar haldinn sem símafundur á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði og hins vegar á Djúpavík. Mætt eru sá skrifstofunni Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Björn Torfason Melum og Bjarnheiður J. Fossdal Melum. Í Djúpavík eru mætt Eva Sigurbjörnsdóttir og Magnús Karl Pétursson 2.varamaður vegna forfalla AB. Oddviti ritar fundargerð.

1. Bréf frá Sigurði Albert Ármannssyni varðandi leigu á húseignum sveitarfélagsins til reksturs á verslun, gistingu og fleira.
2. Beiðni um afnot af íbúðinni í Kaffihúsinu í maí.
3. Fundur oddvita með Minjastofnun vegna verkefna í samvinnu við Brothættar byggðir.
4. Ráðgjöf Byggðastofnunar varðandi ráðgjöf vegna verslunarreksturs í tengslum við sérstakan styrk v. verkefn.Brothættar byggðir.
5. Fulltrúi í samráðshóp vegna innviðagreiningar/framkvæmdaráðs umhverfissvottunar á Vestfjörðum.
6. Skipulagsmál, fundargerð skipulagsnefndar lögð fram til kynningar og samþykktar;
 - a) Tillaga að deiliskipulagi Hválárvirkjunar v. rannsóknna.
 - b) Yfirlýsing um landamerki milli Ófeigsfjarðar og Hraundals, undirrituð af landeigendum.
7. Fjarskipti í Árneshreppi, staðan og það sem framundan er tölvupóstur 28.febrúar.
8. Stjórnsýslufundur oddvita með Kpmg ehf, athugasemdir og fleira.
9. Boðaður fundur á Hólmavík með Landsneti 20.mars, óskað eftir að allir hreppsnefndarmenn komi ef mögulegt er.
10. Tölvupóstur frá Söndru Berg Cepero vegna afleggjarans niður í Naustvík.
11. Erindi Guðjóns E. Ingólfssonar varðandi Naustakot á Eyri við Ingólfsfjörð.

1. Bréf frá Sigurði Albert Ármannssyni varðandi leigu á húsnaði hreppsins. Málið rætt og eftirfarandi ákveðið einróma; Í ljósi þess að flestar eignir hreppsins eru þegar í leigu og hefur verið ráðstafað til ákveðinna aðila, telur hreppsnefnd að ekki sé hægt að verða við þessari beiðni. Hreppsnefnd færir Sigurði þakkir fyrir sýndan áhuga fyrir málefnum sveitarfélagsins.

2. Beiðni um afnot af íbúðinni í Kaffihúsinu í maí. Hreppsnefnd fól oddvita að ræði við hlutaðeigandi um málið.

3. Fundur oddvita með Minjastofnun vegna verkefna í samvinnu við Brothættar byggðir. Oddviti sagði frá fundi sínum og því hvaða verkefni væru hugsanleg hér í sveitinni út frá þessu átaki. Nefnd voru t.d. Kúvíkur, Gjögur, Kista, kirkjugarðurinn í Bæ og Flosanaust í landi Árnass. Sveitarfélagið getur síðan sótt um til annarra verkefna s.s. skólans síðar.

4. Ráðgjöf Byggðastofnunar varðandi vegna verslunarrekstur. Stjórn verslunarfélagsins hefur þegar ákveðið að þiggja þessa ráðgjöf.

5. Fulltrúi í samráðshóp vegna innviðagreiningar/framkvæmdaráðs umhverfivottunar á Vestfjörðum. Ákveðið var að oddviti tæki þetta að sér, til vara er varaoddviti Guðlaugur Ágústsson.
6. a) Skipulagsmál, fundargerð skipulagsnefndar lögð fram til kynningar og samþykktar. Oddviti lagði fram samþykkt skipulagsnefndar sem er svohljóðandi; “Skipulagsnefnd leggur til við hreppsnefnd að tillaga að deiliskipulaginu Hvalárvirkjun v/rannsóknna, auglýst 14.nóvember 2018, verði samþykkt, sbr.fyrirliggjandi útgáfu deiliskipulagsins, dags. 25.febrúar 2019, þar sem fram koma breytingar sem gerðar hafa verið eftir auglýsingarferlið. Jafnframt er afstaða til umsagna og athugasemda sem fram kemur undir lið 3.7., bls. 7-114, á minnisblaði Verkís, dags. 25.2.2019 samþykkt af nefndinni. Jafnframt er skipulagsfulltrúa falið að svara þeim sem gerðu athugasemdir og að senda skipulagið til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun og óska eftir heimild til að auglýsa deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.” Tillagan var samþykkt samhljóða af skipulagsnefnd og send til hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkir bókun skipulagsnefndar samhljóða með eftirfarandi hætti; Hreppsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulaginu Hvalárvirkjun v/rannsóknna, auglýst 14.nóvember 2018, sbr. fyrirliggjandi útgáfu deiliskipulagsins, dags.25.febrúar 2019, þar sem fram koma breytingar sem gerðar hafa verið eftir auglýsingaferlið. Jafnframt er afstaða til umsagna og athugasemda sem fram kemur undir lið 3.7., bls. 7-114, á minnisblaði Verkís, dags. 25.2.2019 samþykkt, sbr. bókun skipulagsnefndar um málið. Skipulagsfulltrúa er falið að svara þeim sem gerðu athugasemdir og að senda skipulagið til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun og óska eftir heimild til að auglýsa deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.
- c) Yfirlýsing um landamerki milli Ófeigsfjarðar í Árneshreppi og Hraundals í Strandabyggð. Mismunur er á milli sveitarfélagamarka og jarðamarka samkvæmt yfirlýsingunni og því er lýsingin send hreppsnefnd til umsagnar. Þar sem eigendur jarðanna hafa gert með sér samkomulag gerir hreppsnefnd engar athugasemdir varðandi málið.
7. Fjarskipti í Árneshreppi, staðan og það sem framundan er. Kryfja verður betur stöðuna og farið í umsókn á fjármagni til framkvæmda.
8. Stjórnsýslufundur oddvita með Kpmg ehf, athugasemdir og fleira. Oddviti kynnti málið og mun vinna í þeim atriðum sem þarf að uppfæra.
9. Boðaður fundur á Hól mavík með Landsnet. Hreppsnefnd mun öll mæta á fundinn.
10. Erindi Söndru Berg Cepero vegna afleggjarans niður að Naustvík. Hreppsnefnd fjallaði um erindið og þetta mál verður tekið með þegar sótt verður um fé úr styrkvegaskjóði.
11. Erindi Guðjóns E. Ingólfssonar varðandi Naustakot á Eyri. Hreppsnefnd ákvað að athuga málið betur í samráði við lögmann sveitarfélagsins og samráð við eiganda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.16:25

